

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2009 fimmtudaginn 12. nóvember kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 161. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð. Í upphafi fundar gerði oddviti tillögu um að inn á dagskrá fundarins verði tekinn sem 6. liður 86. fundur menningar- og tómstundaráðs. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
  - a) Fundargerð 616. fundar 12. október. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 617. fundar 19. október. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - c) Fundargerð 618. fundar 26. október. Fundargerð í 8 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 4. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Hvammstangahöllinni ehf. styrk að fjárhæð kr. 2.232.870,- til greiðslu eftirstöðva gatnagerðargjalda. Styrkurinn er veittur vegna þess að í reiðhöllinni fer fram hluti af íþróttá- og æskulýðsstarfi barna og ungmenna í Húnaþingi vestra. Hvammstangahöllin ehf. hefur þegar greitt 40% af álögðu gatnagerðargjaldi. Styrkurinn kemur til lækkunar á eigin fé.“ Borinn undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Stefán Böðvarsson óskaði bókað að hann greiði ekki atkvæði um þennan lið fundargerðarinnar. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
  - d) Fundargerð 619. fundar 29. október. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - e) Fundargerð 620. fundar 3. nóvember. Fundargerð 1 liður. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - f) Fundargerð 621. fundar 9. nóvember. Fundargerð í 10 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 10. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela Heimi Ágústssyni, sveitarstjóra og umhverfisstjóra að móta tillögu um skipan og hlutverk sérstakrar umhverfisnefndar.“ Borinn undir atkvæði 10. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
2. Fundargerðir félagsmálaráðs. Oddviti kynnti.
  - a) Fundargerð 98. fundar 20. október. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 99. fundar 10. nóvember. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 108. fundar fræðsluráðs 27. október. Fundargerð í 3 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerðir landbúnaðarráðs. Oddviti kynnti.
  - a) Fundargerð 93. fundar 19. október. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 94. fundar 4. nóvember. Fundargerð 1 liður. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
5. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.
  - a) Fundargerð 167. fundar 5. nóvember. Fundargerð í 8 liðum. Borinn undir atkvæði 7. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 168. fundar 9. nóvember. Fundargerð í 4 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fram lagða tillögu skipulags- og umhverfisráðs að auglýsingu um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra og felur sveitarstjóra birtingu hennar.“ Lögð var fram svohljóðandi breytingartillaga við framkomna tillögu um umferðarmál: „Með tilvísan í bréf frá Sigurði Helgasyni frá 22. október 2009. Þá geri ég þá viðbót við tillögu um auglýsingu um umferð í Húnaþingi vestra sem lögð er fram í fundargögnum. Á götum austan Norðurbrautar og vestan Kirkjuhvammsvegar verði hámarkshraði 30 km/klst., um er að ræða Kirkjuvegur, Hlíðarvegur, Melavegur, Hjallavegur, Hvammavegur og Fífusund. Á götum vestan Norðurbrautar verði hámarkshraði 30 km/klst., um er að ræða Miðtún Bakkatún, Grundartún, Nestún, Spítalastígur, Klapparstígur, Húnabraut og Strandgata. Á götum austan Hvammstangabrautar verði hámarkshraði 30 km/klst., um er að ræða Brekkugata ofan Hvammstangabrautar, Lækjargata ofan Hvammstangabrautar, Mánagata, Garðavegur og Ásbraut. Einnig verði hámarkshraði á Lækjargötu neðan Hvammstangabrautar 30km/klst. Notast verði við svæðamerkingar. Oddur Sigurðarson. Greinargerð: Í bréfi til Ólafs H. Stefánssonar forstöðumanns tæknideildar Húnaþings vestra frá Sigurðar Helgasonar starfsmanna umferðarstofu eftir að hann kom og skoðaði aðstæður samkvæmt beiðni Skipulags- og umhverfisráðs stendur orðrétt „Í íbúðahverfum sé hámarkshraði almennt 30 km/klst. Hlíðarvegur – Melavegur – Hjallavegur – Kirkjuvegur – Fífusund – Ásbraut norðan Brekkugötu – Garðavegur – Mánagata – Grundartún – Nestún – Spítalastígur – Klapparstígur – Húnabraut og Lækjargata.“ Matsatriði er með hraða á götum eins og Hlíðarveg, Lækjargötu og Brekkugötu austan Hvammstangabrautar. Spurning er hvort menn vilja afmarka 30 km svæði með merkingum við Hvammstangabraut eða hafa 50 km hraða, sem kannski er óþarfi með hliðsjón af því hve vegalengdir eru.“ Breytingartillagan borin undir atkvæði og felld með 6 atkvæðum gegn 1. Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt aðaltillögunni og samþykkt með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
6. Fundargerð 86. fundar menningar- og tólmstundaráðs 14. október. Fundargerð í 3 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vekur athygli á að fundir hjá nefndum og ráðum sveitarfélagsins eru ekki lögmætir nema meirihluti nefndarmanna sé mættur. Samanber 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:14.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Elín R. Líndal(sign.),

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

P. Karl Eggertsson(sign.),

Oddur Sigurðarson(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).